

Reykjavík,09.01.2019

Til: Íþróttta og tómsundasvið

Efni: Styrkur vegna Skuggaþings

ÍTR hefur verið að vinna að innleiðingu frístundastefnunnar undanfarna mánuði. Eitt verkefnið er að halda stórfundi með ungmennum á aldrinum 16-25 ára um málefni þeirra. Það er tekið sérstaklega fram að þessi vinna verði í samstarfi við Samband íslenskra framhaldsskólanema og Landsamband ungmennafélaga. Undirritaður óskar eftir því að það fjármagn sem átti að fara í að halda stórfundi, fari frekar í verkefnið Skuggaþing 2019(sjá viðhengi). Þetta er gert í fullu samráði við SFS.

Markús H. Guðmundsson
forstöðumaður Hins Hússins

Markús Heimir Guðmundsson,
Forstöðumaður Hins Hússins
Pósthússtræti 3-5
101 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2018

Skuggaþing 2019

Landssambands ungmennafélaga (LUF) óskar hér með eftir áframhaldandi samstarfi og stuðningi Hins Hússins vegna lýðræðisverkefnisins #ÉgKýs.

Á fundi 12. nóvember síðastliðinn samþykkti fulltrúaráð LUF tillögu frá ungliðahreyfingum þingflokka um að halda lýðræðisverkefninu #ÉgKýs áfram á milli kosninga í formi skuggaþings. En það felur í sér að herma eftir störfum Alþingis. Það er gert í því skyni að fræða ungt fólk um störf Alþingis í verki, gera lýðræðið áþreifanlegra og skapa umræðuvettvang fyrir ungt fólk til að koma skoðunum sínum á framfæri til stjórnvalda. Verið er að þróa fyrirkomulagið, en stefnt verður að eftirfarandi:


- Hver ungliðahreyfing fær jafn mörg þingsæti og þeirra flokkur fékk í síðustu Alþingiskosningum. Verður það hlutverk hreyfinganna að skipa fulltrúa á aldrinum 16-35 ára í sæti eftir því sem við á eftir kjördæmum. Fulltrúar hreyfinganna mynda ríkisstjórn og þingnefndir.
- Markmiðið er að halda gildum #ÉgKýs á lofti um að **efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til virkrar samfélagsþátttöku**. Afurð #ÉgKýs 2019 verður stefna í málefnum ungs fólks (e. national youth policy) sem verður í kjölfarið send á alla alþingismenn.
- Stefnt er að því að halda þingið í ágúst 2019 og er vonast er til þess að hægt verði að flétta þingsetningu með viðburði Norrænu ráðherranefndarinnar. Dagskrá mun standa yfir í a.m.k. þrjú daga og mun stefnan verða afgreidd líkt og um væri að ræða afgreiðslu þingsályktunartillögu á Alþingi.

Upplýsingar um þingið verða skrásettar á egkys.is, sem er gagnagrunnur fyrir aðferðir sem stuðla að lýðræðisumbótum.

Óskað er eftir stuðningi frá Hinu húsinu í formi fjármagns að upphæð 1,2 m.kr. Einnig er óskað eftir aðstoð við skipulagningu og við að útvega húsnæði. Vonir eru bundnar við að borgarráð muni opna dyrnar fyrir ungu fólki og að skuggaþingið verði haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Í von um áframhaldandi og árangursríkt samstarf,

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LUF,



Tinna Isebarn,
Framkvæmdastjóri LUF
tinna.isebarn@youth.is